



AUSTURLAND



HEIÐARBÝLIN í göngufæri

HIGHLAND FARMS

Walking through Iceland's past



www.ferdaf.is // www.vistiegilsstadir.is





Heiðarbýlin - Highland Farms

Ferðafélag Fljótsdalshérað, sveitarfélagið Fljótsdalshérað og Kaupvangur menningar og fræðasetur Vopnafjarðinga sameinuðust fyrir nokkrum árum um að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu á Jökuldalsheiðinni og heiðunum þar í kring. Settir voru upp staukar hjá 22 býlum, sem innihalda upplýsingar um býlið, ábúendur og sögur tengdar því, gestabók og stimpil. 2017 var svo 4 býlum á Almennungi í Selárdal, bætt við. Gönguleikur er tengdur verkefninu, sem felst í því að safna 10 stimplum í þar til gerð kort og skila þeim til Ferðafélags Fljótsdalshéraðs eða á Egilsstaðastofu við Tjaldstæðið á Egilsstöðum. Dregið er úr kortunum um veglega vinninga í september ár hvert. Kortin eru til sölu í Sænautaseli, á Upplýsingamiðstöðvum á Egilsstöðum og Vopnafirði, hjá Egilsstaðastofu og á skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Tjarnarási 8, Egilsstöðum.

Á 19.öld hófst byggð á ný í Jökuldalsheiði og er þá átt við fasta búsetu árið um kring. Þessi byggð stóð í rúma öld eða frá 1841 til 1946. Býlin í Jökuldalsheiðinni urðu alls 16 að tölu og voru reist á árabílinu 1841 til 1862. Mörg býlanna byggðust upp á gömlum seljum og flestir sem stofnuðu þau voru af Fljótsdalshéraði, en nokkrir komu þó annars staðar frá, helst af Ausfjörðum eða Norðurlandi. Flest mun hafa búið í Jökuldalsheiðinni í einu 120 manns. Auk þessara býla eru með í þessu verkefni býlið Netsel, 5 býli á Vopnafjarðarheiði og 4 býli á Almennungi í Selárdal. Alls eru þetta 26 býli.

Við Öskjugosið „þá yfir hrundi askan dimm, átjánhundruðsjötíu og fimm“ lögðust bæir í Suðurheiðinni í eyði, sem þá voru í byggð, nema Rangalón. Háls var kominn í eyði. Nokkrir byggðust aftur að fáum árum liðnum. Öskugeirann lagði í austur frá Öskju. Askan féll víða en þó mest á hálendinu og fóru sum heiðarbýlin mjög illa út úr því. Við öskufallið fluttu margir, fyrst niður í sveitirnar í kring en fjöldi þeirra sigldi síðar vestur um haf næstu árin og er því mikill fjöldi Vestur-Íslendinga afkomendur fólksins úr Heiðinni.

Verslun sóttu heiðarbúar nær eingöngu til Vopnafjarðar. Frá Veturhúsum var t.d. um 75 km leið í kaupstað. Leiðir í kaupstað og

milli bæja voru flestar auðveldar en vegalengdir komu í veg fyrir tíðar ferðir. Árið 1934 komst á vegasamband milli Norður- og Austurlands og lá vegurinn í fjöruborði Sænautavatns, hjá Rangalóni. Eftir það fóru bændur á Jökuldalsheiðinni að versla við Kaupfélag Héraðsbúa, Reyðarfirði. Þá voru þar aðeins fjögur býli eftir, Sænautasel, Veturhús, Ármótasel og Heiðarsel. En íbúar Vopnafjarðarmegin, á Brunahvammum, Arnarvatni og Fossi sóttu áfram verslun til Vopnafjarðar.

Búskaparskilyrði í Heiðinni voru á margan hátt góð þótt víða væri snjóþungt, enda flest býlin í yfir 500 metra hæð. Silungsveiði var ágæt í flestum vötnum á svæðinu, rjúpnaveiði mikil á vetrum og yfir sumartímenn var gnoft af gæsum, öndum og álfum. Hreindýr voru þarna frjáls, en þó er talið að stofninn hafi verið í sögulegu lágmarki upp úr aldamótunum 1900 og upp úr því voru þau friðuð.

Talsvert hefur verið ritað um heiðarbýlin, m.a. Gunnar Gunnarsson (Heiðarharmur, Sálumessa) og Halldór Stefánsson í Austurland I. Þá fékk Halldór Laxness innblástur í Sjálfstætt fólk er hann dvaldist nokkra daga á Eiríksstöðum, fór svo norður Heiðina og kom m.a. við á Veturhúsum og gisti svo í Sænautaseli á leið sinni norður í land. Talið er að hann hafi notað Veturhús sem fyrirmynd að Sumarhúsum, en Bjartur bóndi hafi verið samsuða úr ýmsum karakterum á Heiðinni.

The Fljótsdalshérað Touring Club, the municipality of Fljótsdalshérað and Vopnafjörður's cultural and educational centre Kaupvangur have joined forces to increase cultural tourism services in Jökuldalsheiði and other nearby highlands. The old highland farms in these areas are being connected to each other by hiking trails. Receptacles are located at each set of ruins, containing a guestbook and a stamp along with information about that farm, including its residents and history. Cards for stamping at each site are sold at Sænautasel, campingplace in Egilsstaðir and information centres in Egilsstaðir and Vopnafjörður. Those who submit cards stamped at 10 farms will get a certificicate from the Touring club.

It is important that the hiker be able to appreciate the historical uniqueness of this rural highland community, now visible through farm remains. During the 19th century, a wave of settlement began in the Jökuldalsheiði highland, meaning turf farmsteads that were fixed, year-round residences. this period of habitation lasted for just over a century, or from 1841 to 1946. There were eventually 16 Jökuldalsheiði farms, established between 1841 to 1862. Most of those who settled there, often building on the sites of old summertime farm outposts, came from the valleys of Fljótsdalshérað, although some hailed from elsewhere, mainly North Iceland and the East Fjords. At its height, the Jökuldalsheiði community had a population of 120. Besides these 16 farmsteads, the hiking trails on the map include the farm Netsel, five others on the moors of Vopnafjörður: Brunahvammur, Foss, Kálffell, Arnarvatn and Desjamýri and in Selárdalur: Aðalból, Fossvellir, Mælifell og Selsárvellir.

Due to the Askja volcanic eruption of 1875, all of the farms then occupied in the hard-hit southern section of this community were




Stadsetning heidarbýla Highland Farms Location

abandoned, with the exception of Rangalón. Háls farm had been deserted previously. However, some of the deserted farms were resettled a few years later. The ash fanned out eastwards from Askja, covering a large area, though falling thickest on the highlands. Some of the highland farms were severely affected. As a result, many inhabitants moved away, first down into surrounding farming communities, but in many cases eventually west to the Americas. Thus, many North Americans of Icelandic heritage are the descendants of people from Jökuldalsheiði and surroundings.

Historically, residents from throughout this highland region went to market almost exclusively at Vopnafjörður. From Veturhús, this meant a route of 75 km each way. Most of the trails to town and between farms were fairly easy, but the lengthy distances prevented frequent journeys. In 1934, North and East Iceland were connected by a road which passed along the shore of Sænautavatn lake, beside Rangalón. This led the farmers on Jökuldalsheiði to trade at the cooperative in Reyðarfjörður, farther south. By then only four farms remained on Jökuldalsheiði: Sænautasel, Veturhús, Ármótasel and Heiðarsel. On the other hand, residents on moors closer to Vopnafjörður, i.e. at Brunahvammur, Arnarvatn and Foss, continued to do business there.

Highland farming conditions were favourable in various ways, even though many places tended to receive heavy snow since most of the farmsteads were situated over 500 m above sea level. Most of the lakes had excellent trout fishing, and there were plenty of ptarmigan to hunt in winter, as well as an abundance of geese, ducks and swans in summer. While reindeer ranged freely there, the stock is thought to have reached a historical lowpoint soon after 1900, so that they were soon declared a protected species.

The highland farms have often been treated in Icelandic literature, for instance in works by Gunnar Gunnarsson and Halldór Stefánsson. Iceland's only Nobel Prize winner, Halldór Laxness, received there inspiration for the novel *Independent People*. On his way to North Iceland, he spent several days at Eiríksstaðir, then went north through Jökuldalsheiði, visiting for instance Veturhús and overnighting at Sænautasel. Veturhús is believed to have provided the model for the novel's farm Sumarhús, and its farmer named Bjartur to have been based on various local characters.



- | | | |
|---------------|----------------------|------------------|
| 1. Sænautasel | 10. Ármótasel | 19. Foss |
| 2. Rangalón | 11. Hlíðarendi | 20. Kálffell |
| 3. Grunnvatn | 12. Lindarsel | 21. Arnarvatn |
| 4. Netsel | 13. Háreksstaðir | 22. Desjamýri |
| 5. Heiðarsel | 14. Gestreiðarstaðir | 23. Aðalból |
| 6. Hneflasel | 15. Hólmavatn | 24. Fossvellir |
| 7. Háls | 16. Melur | 25. Mælifell |
| 8. Veturhús | 17. Fagrakinn | 26. Selsárvellir |
| 9. Víðirhólar | 18. Brunahvammur | |



1 Sænautasel

N65°15.72-W15°31.24

Sænautasel var lengst allra býla á Jökuldalsheiðinni í byggð, eða í 95 ár og byggðist vorið 1843 úr landi Hákonarstaða. Ekki var búið þar í 5 ár eftir Öskjugosið 1875. Frumbyggjar voru Sigurður Einarsson, bónda á Brú og Krístrún Bjarnadóttir, bónda á Staffelli í Fellum. Kostir býlisins voru góð silungsveiði í vatninu, góðir sumarhagar og grasgefnar engjar, en snjóþungt var og skjóllítið. Sænautasel fór í eyði 1943. Árið 1992 var bærinn endurbyggður og er þar starfrækt öflug menningartengd ferðapjónusta á sumrin, þar sem m.a. er hægt að gista í gamla bænum og sjá hvernig fólk bjó til sveita í byrjun 20. aldar. Ath.stimpill og gestabók er í litlum skúr við starfsmannainnganginn.

Although this farm was unoccupied for five years following the 1875 Askja eruption, people lived there for total of 95 years longer than anywhere else on Jökuldalsheiði. Originally, in the spring of 1843, Sænautasel was taken out of the Hákonarstaðir estate, and the first residents were Krístrún, a daughter of Bjarni, farmer at Staffell; and Sigurður, a son of Einar, farmer at Brú. Sænautasel offered the advantages of excellent trout fishing in the lake along with good summer ranges and grassy marshes for haying; however, there was often deep snow there, and there was little shelter from the wind. The farm was abandoned in 1943 but reconstructed as a showpiece in 1992. The buildings now allow for a number of summertime activities which emphasise cultural heritage, demonstrating to the modern traveller how rural Icelandic people lived early in the 20th century.



2 Rangalón

N65°17.64-W15°31.26

Bærinn stóð við norðurenda Sænautavatns og byggðist 1843 úr landi Möðrudals. Frumbyggjar voru Pétur Guðmundsson, Sögu-Guðmundar Magnússonar á Bessastöðum og Þorgerður Bjarnadóttir systir Krístrúnar á Sænautaseli. Val býlisstæðisins hafa ráðið sömu ástæður og á Sænautaseli, en einnig að býlið var í alfaraleið yfir Heiðina. Rangalón var í byggð til 1923. Nokkur síðustu árin, sem búið var á Rangalóni, var lagður styrkur úr Ríkissjóði til að halda þar við byggð vegna póstsamgangna. Rangalón (N65°17.64 - W15°31.26)

This farm at the north end of Sænautavatn lake was taken from the Möðrudalur estate in 1843 and settled by Þorgerður Bjarnadóttir, who was a sister of the Krístrún living at Sænautasel, an Pétur, a son of Guðmundur Magnússon, Bessastaðir. This site had some of the same advantages as Sænautasel, in addition to being situated by a frequently used route through the highlands. Nonetheless, and despite State Treasury support during the last years of habitation in order to maintain this home by the postal route, Rangalón was abandoned in 1923.



3 Grunnavatn

N65°13.52-W15°34.08



Bærinn stóð í 585 metra hæð um það bil 5 km fyrir sunnan Sænautavatn og byggðist 1853 úr Brúarlandi. Á Grunnavatni voru góðir sumarhagar, en snjóþungt. Frumbyggjar voru Jónas Bergsson (Peninga-Bergs) Hallssonar úr Eiðabínghá og Arndís Magnúsdóttir ættuð úr sömu sveit. Þau fluttust til Vesturheims með börn sín 1880. Ekki var búið að Grunnavatni í 8 ár eftir öskufallið og einnig féll þar niður ábúð um tveggja ára skeið er baðstofan brann árið 1903, að öðru leyti var samfelld búið þar til 1923.

Standing some 5 km south of Sænautavatn, at an altitude of 585 m, this farm was established in 1853 on land acquired from Brú. The snow often lies deep there, but the land includes good summertime ranges. The first inhabitants hailed from Eiðabínghá, Arndís Magnúsdóttir and Jónas, a son of Bergur Hallsson; however they and their children left for the Americas in 1880. Others continued to reside there until 1923, but there was an 8-year gap in residence due to the ashfall of 1875, and peoples also stayed away for two years after the main living quarters, of baðstofa, burned in 1903.



4 Netsel

N65°12.68-W15.32.16

Í 542 metra hæð við Ánavatn í landi Brúar rúma 2 km frá Grunnavatni. Þorsteinn Jökull Magnússon var þjóðsagnapersóna er bjó á Brú á seinni hluta 15.aldar. Hann var sagður hafa búið a.m.k. eitt ár á Netseli er hann flúði til fjalla undan „pestinni“. Gamlar rústir eru á tanga sem skagar út í Ánavatn að vestan. Sumar eru neðan gjóskulags frá 1477 en aðrar eru frá 18. öldinni og þær yngstu tengjast eflaust ábúðinni á Grunnavatni. Nokkrar heimildir eru fyrir því að fólk kenndi sig við Netsel þótt ekki sé vitað um reglulega ábúð þar.

This land had belonged to Brú, and the late 15th century folk tale figure Þorsteinn Jökull Magnússon is said to have moved here from Brú for at least one year to escape from the plague down in lower, populated areas. Situated on a small peninsula on the west shore of Ánavatn lake, the ruins are 542 m above sea level and a little over 2 km from Grunnavatn. Whereas part of the ruins pre-date an ash layer from 1477, 18th-century ruins also appear, and the youngest ruins must relate to Grunnavatn farm. There are several references to people saying they were from Netsel, but we have no knowledge of regular farming there.





5 Heidarsel

N65°12.68-W15°33.51

Bærinn stóð við Poll, sem er vatn við suðurenda Ánavatns, í landi Brúar í 553 metra hæð og byggðist 1858. Á Heidarseli er víðsýnt og þótti fagurt bæjarstæði. Frumbyggjar voru Jón Þorsteinsson, bónda á Brú, Einarssonar og Kristín Jónsdóttir, bónda á Aðalbóli, Péturssonar á Hákonarstöðum. Ekki var búið að Heidarseli frá Öskjugosinu 1875 og fram undir aldamótin 1900. Síðustu ábúendur bjuggu á jörðinni í 34 ár. Heidarsel var síðasta býlið sem fór í eyði á Jökuldalsheiðinni árið 1946. Með því lauk rúmlega 100 ára byggðarsögu heiðarbýlanna þar.

Standing beside the smaller lake of Pollur, just south of Ánavatn lake, this farm was started in 1858. The 553-m-high site was felt to provide a pretty setting and sweeping view. The first settlers were Kristín, a daughter of Jón, farmer at Aðalból, in turn a son of Pétur at Hákonarstaðir; and Jón, a son of Þorsteinn, farmer at Brú, who was in turn a son of Einar. This farm remained deserted from the time of the Askja eruption in 1875 until nearly 1900. The last family to live there stayed for 34 years and upon leaving in 1946 was the very last to desert Jökuldalsheiði, thereby concluding its highland community history of somewhat over 100 years.



6 Hneflasel

N65°10.19-W15°30.46

Bærinn var byggður úr landi Eiríksstaða 1847 um 3 km suðaustur af Heidarseli og stóð í 575 metra hæð vestur af Ytri-Eiríksstaðahnefli. Nafnið bendir til þess að þar hafi verið sel fyrrum frá Eiríksstöðum. Frumbyggjar voru Oddur Sæbjörnsson fæddur á Jökuldal og ráðskona hans Helga Guðmundsdóttir, sem var ættuð af Jökuldal. Hneflasel fór í eyði við Öskjugosið 1875.

Built in 1847 west of Ytri-Eiríksstaðahnefill and 3 km SE of Heidarsel, Hneflasel took over land that had belonged to Eiríksstaðir. In fact, located 575 m above sea level, it may have formerly been a summer outpost of that farm. Not Only was the first male settler, Oddur Sæbjörnsson, born in Jökuldalur valley, but his housekeeper, Helga Guðmundsdóttir, was descended from there too. Hneflasel was permanently abandoned after the 1875 ashfall.





7 Háls N65°11.48-W15°25.30

Bærinn var byggður úr landi Eiríksstaða 1859 um 6 km norðaustur af Hneflaseli og var hann hæsta býlið í heiðinni, í 594 metra hæð, mjög áveðurs. Frumbyggjar voru Magnús Jónsson bónda í Mjóanesi í Skógum, Ormssonar og Aðalbjörg Jóhannesdóttir bónda í Fjallsseli. Háls er talið hafa verið sauðahús frá Eiríksstöðum fyrr á öldum. Óvíst er um búsetulok að Hálsi.

Also started on Eiríksstaðir land, some 6 km NE of Hneflasel, Háls was situated highest of any of the community's farms, at 594 m. Building there in 1859, the original settlers were Aðalbjörg, daughter of Jóhannes, farmer at Fjallssel; and Magnús, son of Jón, farmer at Mjóanes in Skógar, in turn a son of Ormur. While the desertion date for Háls farm is unclear, it is thought to have been the site of a sheep barn for Eiríksstaðir in earlier centuries.



8 Veturhús N65°13.85-W15°27.72

Býlið var upphaflega nefnt Barð og byggt úr landi Hákonarstaða 1846. Bærinn var fyrst byggður á vesturbakka Krókatjarnar (N65°13.87-W15°28.40) er síðar var kölluð Veturhúsatjörn, í 554 metra hæð en vegna uppblásturs þar var hann fluttur, eftir aldamót á austurbakkann í 556 metra hæð. Frumbyggjar voru Benjamín Þorgrímsson, Suður-Þingeyingur að ætt og Guðrún Gísladóttir, bónda á Arnórsstöðum á Jökuldal. Nokkrir af ábúendum Veturhúsa fluttust til Vesturheims eftir Öskjugosið. Veturhús voru í byggð til 1941 en voru þó í eyði frá gosinu 1875 og fram undir aldamótin 1900.

When originally established in 1846 on land that had belonged to Hákonarstaðir, this farm was named Barð. It was situated at an altitude of 554 m by the west bank of Krókatjörn (N65°13.87 - W15°28.40), which later took on the name of Veturhústjörn. Due to erosion, the farm was moved after 1900 beyond the east shore to an altitude of 556 m. The first settlers were Guðrún, daughter of Gísli, farmer at Arnórsstaðir, Jökuldalur; and Benjamín Þorgrímsson, who had ancestors in the county of Suður-Þingey. Following the 1875 ashfall, some of the residents moved to the Americas and no one lived there again till nearly 1900, though the farm then had occupants till 1941.





9 Víðirhólar

N65°14.09-W15°22.46

Bærinn var byggður úr landi Hákonarstaða 1846 í 540 metra hæð ca 5,5 km norður af Hálsi. Bylið var fyrst kallað Víðirdalssel. Frumbyggjar voru Vigfús Jósafatsson frá Hömrum í Reykdælahreppi og Rósa Jónsdóttir ættuð úr Öxnadal. Búið var á Víðirhólum til 1905 en þá hafði jörðin rýrnað svo af uppblæstri og ágangi af völdum vikursins að ekki þótti búandi þar lengur. Byggð á Víðirhólum lá þó niðri í nokkur ár eftir Öskjugosið. Tæplega 1 km sunnan við bæjarstæðið er Víðirhólarétt, fjallskilarétt (N65°13.63-W15°22.71), hlaðin úr grjóti. Hún var byggð um aldamótin 1900 og var notuð í rúm 20 ár.

Situated about 5,5 km north of Háls, this farm was started on Hákonarstaðir land in 1846, at an elevation of 540 m. At first, the farm was named Víðirdalssel, and it was built by Rósa Jónsdóttir, whose ancestors had lived in Öxnadalur valley, and Vigfús Jósafatsson, who came from Hamrar in the Reykjadalur district. Excepting a few years after the 1875 ashfall, people lived at this farm until 1905, but then found erosion related to the ash to have depleted the land so much as to make farming impossible. The sheep corral less than a kilometre to the south (N65°13.63 - W15°22.71) was built of dry stones in 1900 and used for over 20 years.



10 Ármótasel

N65°17.94-W15°17.38

Byggt úr landi Arnórsstaða 1853 í 500 metra hæð. Bæjarrústirnar liggja á milli Jökuldalsvegur og Þjóðvegur nr. 1 ofarlega í Gilsárkvosinni, skammt ofan við Víðidalsá. Bærinn var kallaður Ármót í daglegu tali. Frumbyggjar voru Jón Guðlaugsson, bónda í Mjóadal í Bárðadal og víðar og Sigríður Jónsdóttir, bónda á Ljótssstöðum í Fnjóskadal. Búið var á Ármótaseli til 1943 en þó var bærinn í stundum í eyði í nokkur ár. Bærinn á Ármótaseli var rifinn 1945. Hann hefur verið reisulegur á þeirra tíma mælikvarða og fjárhúsin tóku um 200 fjár.

Built in 1853 on land belonging to Arnórsstaðir, Ármótasel was 500 m above sea level. Nowadays you can see the ruins from Ring Road 1, located near Gilsá river, a little upstream from Víðidalsá river. Ármót means river junction, and back then the farm was often simply called that. Its original settlers were Sigríður, a daughter of Jón, farmer at Ljótssstaðir in Fnjóskadalur valley; and Jón, a son of Guðlaugur, farmer at Mjóidalur in Bárðardalur valley (and also elsewhere). Though people lived at Ármótasel until 1943, it was sometimes abandoned for a few years, and in 1945 it was finally torn down. For its time, it was rather grand, with barns holding some 200 sheep.





11 Hlíðarendi

N65°19.24-W15°23.52

Byggður úr landi Arnórsstaða 1853 hjá rústum hins forna Arnórsstaðasels 6 km norðvestur af Ármótaseli. Frumbyggjar voru Jón Stefánsson, bónda á Eyvindará og Guðrún Lára Þórðardóttir, bónda á Staffelli. Ábúendaskipti voru tíð á Hlíðarenda og stundum voru þar tveir ábúendur samtímis. Bærinn fór endanlega í eyði 1872.

Hlíðarendi was built in 1853 on land which had belonged to the Arnórsstaðir estate and stood near the ruins of that farm's ancient summer outpost, 6 km northwest of Ármótasel. The first inhabitants were Guðrún Lára, daughter of Þórður, farmer at Staffell; and Jón, son of the farmer Stefán at Eyvindará. Hlíðarendi changed hands frequently, and sometimes even had two proprietors at the same time. In 1872 the farm was permanently abandoned.



12 Lindarsel

N65°22.20-W15°25.80

Byggt úr landi Skjöldólfsstaða 1862 og var síðasta nýbýlið sem reist var á Jökuldalsheiðinni. Guðmundur Hallgrímsson, bónda á Skörðum í Reykjahverfi og Lovísa Dorotea Jörgensdóttir, læknis Kjerulf á Brekku reistu Lindarsel. Lovísa hafði numið handíðir í Kaupmannahöfn og eignaðist hún fyrstu prjónavélina sem vitað er um á Austurlandi. Þau eignuðust fljótlega dóttur, Ólöfu Doroteu, en skömmu seinna dó Lovísa og flosnaði Guðmundur þá upp og Lindarsel fór í eyði 1863. Ólöf Dorotea fór í fóstur til móðurömmu sinnar og flutti með henni til Vesturheims. Áður en Lindarsel byggðist var þar e.k. sæluhús sem stóð við leiðina milli Skjöldólfsstaða og Möðrudals og var kallaður Skjöldólfsstaðavegur.

This was the last home to be established in Jökuldalsheiði. That occurred in 1862, on land which had previously belonged to Skjöldólfsstaðir. Lindarsel was settled by Lovísa Dorotea, whose father was the doctor Jörgen Kjerulf at Brekka; and Guðmundur, a son of Hallgrímur, farmer at Skörð in Reykjahverfi. The couple soon had a daughter, Ólöf Dorotea, but Lovísa died shortly afterwards and Guðmundur gave up farming, leaving Lindarsel in 1863. Ólöf Dorotea moved to the Americas with her grandmother. Before the Lindarsel farm was built, there was probably a refuge hut there, situated by the old trail between Möðrudalur and Skjöldólfsstaðir, a trail referred to in 1532 as Skjöldólfsstaðavegur.





13 Háreksstaðir

N65°24.28-W15°25.35

Byggðir úr landi Skjöldólfsstaða í 482 metra hæð og voru fyrsta býlið sem reist var í Heiðinni árið 1841. Talið er að þar hafi verið fornbyli. Háreksstaðir voru jafnan taldir eitt besta býlið í Heiðinni og fjölsetnasta, enda var graslendið þar hvað samfelldast og víðáttumest. Frumbyggjar voru Jón Sölvason, bónda á Víkingsstöðum í Skógum og Katrín Þorleifsdóttir, Þorleifssonar frá Stóru-Breiðvík í Reyðarfirði. Nokkrir af ábúendum Háreksstaða og afkomendur þeirra fluttu til Vesturheims. Búið var á Háreksstöðum samfelld til ársins 1924 utan eins árs sem býlið var í eyði. Þar er nú leitarmannaskýli.

Built on land taken from Skjöldólfsstaðir in 1841, this was the first farm to be founded in these highlands. Located at an elevation of 482 m, it is however also believed to have been the site of a farm in ancient times. Háreksstaðir was usually regarded as one of the best farms in the community, and, benefiting from some of the broadest and most continuous grassland, supported the most occupants. The first settlers were Katrín, daughter of Þorleifur, who in turn was a son of Þorleifur of Stóra-Breiðavík, Reyðarfjörður; and Jón, son of the farmer Sölvi, Víkingsstaðir in Skógar. Several Háreksstaðir residents moved to the Americas, along with their descendents. Háreksstaðir was farmed continuously until 1924, except for a single year of desertion. There is now a sheep herders' shelter at Háreksstaðir.



14 Gestreiðarstaðir

N65°24.70-W15°30.18

Byggðust úr landi Möðrudals árið 1843 um það bil 5 km fyrir vestan Háreksstaði. Talið er að þar hafi verið fornbyli. Frumbyggjar voru Andrés Andrésson, bónda í Hallfreðarstaðahjáleigu, Sturlusonar og Una Jensdóttir, bónda á Hríót, Árnasonar. Jörðin var óbyggð í 4 ár eftir Öskjugosið en byggðist síðan aftur og voru nokkuð tíð ábúendaskipti enda jörðin vafalaust úr sér gengin eftir öskufallið. Einhverjir af ábúendunum fluttust til Vesturheims. Fór í eyði árið 1897.

Gestreiðarstaðir was started in 1843, about 5 km west of Háreksstaðir. Although the land then belonged to Möðrudalur, an ancient farm is believed to have been located there. The first inhabitants were Una, a daughter of Jens Árnason, farmer at Hríót; and Andrés, a son of the Andrés Sturluson at Hallfreðarstaðahjáleiga. While no one lived at Gestreiðarstaðir for four years after the Askja eruption, it was then resettled. However the land had no doubt been depleted through the ashfall, and changed hands frequently for some time, with some of the residents moving to the Americas. The farm remained abandoned as of 1897.





15 Hólmavatn N65°27.72-W15°22.09

Var byggt hjá Langhólmavatni vestanverðu úr landi Skjöldólfsstaða 1861. Langhólmavatn (533 m) er í svonefndum Vatnaflóa í norðausturhluta Jökuldalsheiðar, sem nefndur hefur verið Tinguheiði. Á Hólmavatni var aðeins búið í 1 ár. Ábúendur voru Jóhannes Friðriksson, bónda á Fossi, Árnasonar og Kristbjörg Guðlaugsdóttir, systir Jóns í Ármótaseli.

Hólmavatn was established at an elevation of 522 m in the Vatnaflói wetlands, on the western side of Langhólmavatn lake. The land was taken in 1861 from Skjöldólfsstaðir estate in the northeastern part of Jökuldalsheiði, a part called Tinguheiði. Hólmavatn was only inhabited for one year. The residents were Kristbjörg Guðlaugsdóttir, sister of the Jón who settled Ármótasel; an Jóhannes, son of the farmer Friðrik Árnason at Foss.



16 Melur N65°28.24-W15°26.95

Nýbýlið var byggt 1848 og töldu býlisstofnendur sig byggja í almenningi, en presturinn á Hofi var á öðru máli og reis af þessu mikið málaþras, sem nýbýlingarnir töpuðu og gékk jörðin til Hofskirkju. Frumbyggjar á Mel voru Jón Guðmundsson, Mývetningur að ætt og Steinunn Torfadóttir frá Arnkelsgerði, Torfasonar. Melur var í byggð til 1904 en mun þó hafa verið í eyði örfá ár á tímabilinu. Á Mel er leitarmannakofi.

This farm was founded in 1848, with the first residents considering themselves to be buidling on public land (commons), but the pastor at Hof disagreed. He filed a drawn-out lawsuit which the new farmers lost, and the land reverted to the church at Hof. The settlers at Melur were Steinunn, daughter of Torfi Torfason, Arnkelsgerði; and Jón, a son of Guðmundur, whose family hailed from Mývatn. Melur was occupied until 1904, excluding only a few uninhabited years. The farm is now the site of a sheep herders' shelter.





17 Fagrakinn

N65°30.03-W15°28.80

Fagrakinn (420 m) var byggð 1848 að ráði Möðrudælinga sem töldu býlið í Möðrudalslandi. Landnemar voru Jón Ólafsson af Völlum á Fljótsdalshéraði og Guðrún Vigfúsdóttir ættuð úr Stöðvarfirði. Fagrakinn var nyrsta býlið í allri heiðabyggðinni. Frá Fögrukinn að Brunahvammi voru ekki nema röskir 3 km. Vorið 1886 lagðist byggð endanlega af í Fögrukinn. Höfuðástæða þess mun hafa verið uppblástur á Torfunni sem bæjar- og gripahúsin stóðu á. Fagrakinn er skammt frá Þjóðvegi 85 sunnan við Hölná. Við ána er bílaplan og frá því að Fögrukinn er rúmur km og er þá farið skáhallt fram og upp frá planinu.

Fagrakinn was built in 1848 in accordance with the views of Möðrudalur farmers, who considered the land to be part of their estate. The settlers were Guðríður, a daughter of Vigfús, whose family came from Stöðvarfjörður; and Jón, a son of Ólafur in the Vellir area of Fljótsdalshérað. At an altitude of 420 m, Fagrakinn was the most northerly of the highland community farms. The distance from Fagrakinn to Brunahvammur was just over 3 km. Fagrakinn was abandoned permanently in the spring of 1886, mainly due to erosion of the once grassy place where the farm buildings stood. The site is close to Highway 85, south of Hölná river. There is a parking lot next to the river with a sign for Fagrakinn, from where you should head from approx. 1,25 km.



18 Brunahvammur

N65°31.62-W15°25.89

Bærinn í Brunahvammi (340 m) stóð fremst í þurrhlendum hvammi drjúgan spöl frá Hofsá, undir Brunahvammshálsi nokkru utan við Hölná. Þjóðvegur 85 liggur rétt fyrir ofan bæjarhvamminn. Brunahvammur mun hafa verið hjáleiga frá Bustarfelli og lengst af í eigu Bustarfellsbænda. Frumbyggji er talinn vera Páll Jónsson, en seinna byrjuðu þar búskap sinn Valdimar Jóhannesson og Guðfinna skáldkona (Erla) og fæddist þar Þosteinn skáld 1918. Jörðin þótti góð til búskapar með fornu lagi en nokkuð mannfrek til heyskapar og fjárgæslu. Þá þótti torfrista léleg og mór var enginn. Frá aldamótum til 1913 var Brunahvammur tvisvar í eyði, í alls 6 ár en eftir það í samfelldri byggð til 1945.

This farmhouse stood in the highland side of a grassy, well-drained hollow at an elevation of 340 m, below the slope of Brunahvammsháls. The farm is quite some distance from the Hofsá river, somewhat downstream from the Hölná river. The highway 85 runs just above Brunahvammur hollow. Brunahvammur was probably a croft, rented from and long own by Bustarfell farm. The first settler is thought to have been Páll Jónsson. From the perspective of traditional farming practices, the farmland was considered generally good, but poor for cutting turf, lacking in peat and rather labour-intensive in regard to haying and tending sheep. From the turn of the century until 1913, Brunahvammur was left uninhabited twice, for a total of 6 years, but then remained inhabited from 1913 to 1945.





19 Foss N65°33.78-W15°16.44

Hofsárdalur er talinn ná inn að Steinvarartungusporði en þar tekur við Fossdalur. Þar er bærinn Foss(180 m), sem er talinn mjög gamalt býli, sem mun upphaflega verið byggt úr Bustarfellslandi. Sama ætt bjó að mestu á Fossi frá aldamótum 1800 til byggðaloka 1947. Dalurinn er þröngur með bröttum hliðum og fellur í Hofsá í grunnu gili skammt undan bænum. Er þar fossinn sem bær og dalur draga nafn af. Að Fossi er ágætt aðgengi frá Bustarfelli en þar á milli eru ca 8 km. Er þá farið til hægri niður hvamm rétt áður en komið er að hliðinu að Bustarfelli og ekið neðan við túnið. Ekki er ráðlegt að aka lengra en að Sniðum og er hægur gangur þaðan inn að Fossi ca 2,5 km. Dalurinn þrengist þar mjög og er kjarri vaxin hliðin allbrött niður að ánni. En gönguleið greiðfær og góð.

The valley of Hofsá river is named Hofsárdalur up to Steinvarartungusporður, above which it has the name of Fossdalur, home to Foss farm. Located 180 m above sea level, Foss is thought to be a very old farmstead and originally formed from land previously belonging to the Bustarfell estate. The same family lived at Foss almost continuously from 1800 until they finally deserted it in 1947. Running through the narrow, steep-sided valley, the Hofsá river has cut a gully a short distance below the farm and created the waterfall, or foss, from which both the valley and farm take their names. The site is only 8 km upstream from Bustarfell farm and quite accessible from there. Go to the right down the hollow just before reaching the Bustarfell gate and drive below the hayfield, but continue driving not farther than Snið. The valley becomes very narrow there, with shrubs covering the steep slopes down to the river; however, the path allows for a clear, easy walk to the abandoned farmstead.



20 Kálffell N65°35.26-W15°20.94

Kálffell (440 m) er afbýli frá Fossi. Bærinn stóð utan við samnefnt fell, norðan Bunguflóa og skammt norðan og vestan við gamla veginn til Vopnafjarðar. Óljóst er um upphaf byggðar á Kálffelli en heimildir geta um Bjarna nokkurn Bjarnason, sem fæddur var þar árið 1840. Sé það rétt er Kálffell með elstu býlum í heiðum Vopnafjarðar. Deildar meiningar eru um það hvort rita skuli nafnið með einu f eða tveimur. Kálffell var lengstum talin ágætis bújörð, engjar víðlendar og grasgefnar og beitiland gott bæði sumar og vetur. Þó má ætla að landgæðum hafi hrakað með auknum uppblæstri á síðustu áratugum nítjándu aldar. Árið 1911 er jörðin komin í eyði og öll hús ofan tekin og burt flutt. Eftir standa laglegar tóftir bæjar og gripahúsa og vekur sérstaka athygli að umgangsdýr fjárhúsa virðast snúa upp í brekkuna. Einnig er athygli vert að íbúar hafa lagt nokkurs konar vatnsveitu að bænum. Gunnar Gunnarsson, skáld keypti Kálffell 1932.

Kálffell was a tenant farm belonging to Foss. The farm stood at an altitude of 440 m beside the mountain of the same name, north of Bunguflói and just north and west of the old road to Vopnafjörður. Although the origins of Kálffell are unclear and the name is sometimes spelled with only one f, sources mention a certain Bjarni Bjarnason as having been born there in 1840. If this is true, Kálffell is among the oldest farms in the moors above Vopnafjörður. For decades, the land was found to be excellent for farming, with broad, uncultivated expanses of grass for haying and good ranges in both summer and winter. In the last decades of the 19th century, however, land quality probably worsened due to erosion. By 1911, the farmstead had been deserted and every remaining building moved away. Today the picturesque farmstead and barn ruins are still present; interestingly, the sheep barn door appear to open towards the slope. The writer Gunnar Gunnarsson purchased Kálffell in 1932, six years after buying the neighboring estate of Arnarvatn.





21 Arnarvatn/Skálamór N65°35.29-W15°24.05

Arnarvatn (420 m) var í upphafi afbýli frá Hauksstöðum og hét Skálamór. Býlið stendur í stórrí kvos sem nefnist Brunahvammskvos. Yst í kvosinni er samnefnt vatn. Kvosina myndar að austan Kálffell en í suðri Brunahvammsháls og Súlendur gnæfa yfir. Frumbýlingar voru Jón Jónsson og Sigurbjörg Sigurðardóttir 1867. Fyrrum var Arnarvatn í alfaraleið frá Möðrudal og norðanverðri Jökuldalsheiði til Vopnafjarðar. Nú er hægt að ganga frá gamla veginum til Vopnafjarðar, annað hvort innan við Kálffell en þá þarf að vaða kíl við bæinn eða þá frá stíflu sem er við útfall vatnsins. Þá er gengið inn með vatninu. Hægt er að aka að stíflunni ef menn vilja og raunar alveg heim að bæ, en það er þess virði að ganga inn með vatninu, njóta kyrrðarinnar og fylgjast með fuglalífínu. Upplagt er að fá sér vatn úr uppsprettulind sem er framan (innan) við bæinn. Á Arnarvatni stendur gangnamannakofi sem smalar í Hauksstaðaheiði nýta. Arnarvatn fór í eyði 1935.

The large hollow called Brunahvammskvos contains both the Arnarvatn farm site (420 m above sea level) and, on the Vopnafjörður side of the hollow Arnarvatn lake. This hollow lies below the slopes of Kálffell to the east and Brunahvammsháls and Súlendur to the south. The first farmers at Arnarvatn, from 1867, were Sigurbjörg Sigurðardóttir and Jón Jónsson. The farm was abandoned in 1935. For centuries, Arnarvatn was by the main trail to Vopnafjörður for people coming from Möðrudalur and the northern part of Jökuldalsheiði. Nowadays, one can walk to the ruins from the old road to Vopnafjörður either from the farm Kálffell, which requires crossing a small watercourse next to the farm site, or via a dam at the lower end of the lake. While that route allows for driving to the dam and indeed all the way to the farm. It is worthwhile walking the whole distance, going along the lake to enjoy the tranquility and observe the birds. Drinking water at the spring which is towards the highlands from the ruins is also a nice idea, and there is a shelter used by those rounding up sheep on Hauksstaðaheiði.



22 Desjamýri N65°36.79-W15°20.83

Desjamýri (429 m) stendur á hæð utan við Arnarvatn við svokallaðan Desjamýrarlæk. Frumbyggjar voru Eymundur Arngrímsson, bóndi og meðhjálpari frá Hauksstöðum og kona hans Matthildur Sigurðardóttir frá Grímsstöðum. Þar er gott útsýni yfir grasi grónar mýrar og inn til fjalla. Hægt er að ganga frá Stíflunni við Arnarvatn og út að Desjamýri. Þá er betra að vera vel skóaður því ganga þarf yfir mýrar. Einnig er hægt að ganga upp frá Hauksstöðum og inn að Desjamýri. Það er mun erfiðari leið en býður upp á það að fara upp á Þverfellið í leiðinni. Þaðan er víðsýnt í allar áttir. Leiðin norðan við Þverfell er hluti af þjóðleiðinni frá Möðrudal út í Vopnafjörð. Desjamýri fór í eyði 1880.

At an elevation of 429 m and with a pleasant view of grassy wetlands and the mountains, Desjamýri stands on a hill on the seaward side of Arnarvatn lake, next to Desjamýrarlækur brook. This farm was established by Matthildur Sigurðardóttir from Grímsstaðir and her husband Eymundur Arngrímsson from Hauksstaðir, who also served as a sexton. It is possible to walk to Desjamýri from the Arnarvatn dam, but good footwear is a must due to marshes. Alternatively, one can walk up from Hauksstaðir and head inland to Desjamýri. While the latter route is much more difficult, it also offers the opportunity of climbing up Þverfell mountain to enjoy the panorama. The route on the north side of Þverfell used to be part of the main trail from Möðrudalur down to Vopnafjörður. Desjamýri was deserted in 1880.





23 Aðalból

(N65°41.27-W15°18.44)

Á Aðalbóli var búið samfelld frá 1851 til 1863, eftir það með hléum til 1878. Frumbyggji var Páll Guðmundsson, frá Hnefilsdal á Jökuldal. Árið 1852 er Páll sagður bóndi og einsetumaður á Aðalbóli í sóknarmannatali Hofs. Samkvæmt sömu heimild býr Páll þar seinna ásamt konu sinni Ingibjörgu Indriðadóttur til 1863. Þar kemur einnig fram að Grímur Grímsson er skráður bóndi þar 1859 en Páll húsmáður. Eftir 1863 er lítið vitað um búsetu á Aðalbóli nema að sóknarmannatal 1877 segir búa þar fjölskyldu, sem var í tvíbýli á Selsárvöllum. Ekki er kunnugt um mörk á landi Aðalbóls sem stóð í Búastaðatungum, en greiddir voru þrír sauðir í afgangi árlega „fyrir Mikaelsmessu“ og landeigendum ætluð afnot þar að auki. Páll Guðmundsson lést á Vakursstöðum 1873 en Ingibjörg kona hans varð úti 1. janúar 1878 við seltættur á hálsinum milli Lýtingsstaða og Vakursstaða og eru tætturnar við hana kenndar síðan.

Aðalból was occupied 1851-1863, and with breaks until 1878. The first settler was Páll Guðmundsson from Hnefilsdalur in Jökuldalur and the farm is first mentioned in the Hof parish census at the end of 1851. In 1852 Páll is the farmer there, unmarried. According to the parish register, Páll was there until 1863 with his wife, Ingibjörg Indriðadóttir. Also in 1859, Grímur Grímsson is recorded as farmer there and Páll the shepherd. After 1863 little is known about residents at Aðalból, except according to the parish census of 1877 a family was there, farming partners with those at Selsárvellir. The border between Selsárvellir and Aðalból in Búastaðatunga is unknown; the annual rent of three sheep was due before Michaelmas (Sept. 29th) and the landowners retained usage rights. Páll died at Vakursstaðir in 1873. His wife Ingibjörg died January 1st 1878, caught in a storm near an old sheep shelter between Lýtingsstaðir and Vakursstaðir. Since then, the ruins have been called Ingibjörg's ruins.



24 Fossvellir

N65°41.33-W15°22.01

Fossvellir eru byggðir á fremri parti Mælifellslands og afbýli frá Mælifelli. Frumbyggji var Björn Guðmundsson frá Torfastöðum og er byggingabréf dagsett 11. apríl 1861, en í sóknarmannatali um haustið er Björn sagður bóndi á Fossvöllum. Þar með lauk 50 ára uppbyggingartímabili í Almenningi og afrétti Hofskirkju en alls voru 7 býli byggð á svæðinu á þeim tíma. Björn galt tvo sauði í afgangi af jörðinni. Búskapur á Fossvöllum lagðist af við dauða Björns 1864 og sagði ekkjan, Ólöf Arngrímsdóttir jörðinni lausri 1865.

Fossvellir is inland from the farm Mælifell and was a small crofter's parcel. The first settler was Björn Guðmundsson of Torfastaðir; permission to settle there is dated April 11th 1861. In the parish census that fall Björn is the farmer there. Fossvellir was the last of seven farms settled in the fifty years marking the settlement of Almenningur and the loss of grazing rights for the church at Hof. Björn paid two sheep to rent the land. The farm was not used after Björn's death in 1864 and his widow, Ólöf Arngrímsdóttir released the farm in 1865.



25 Mælifell

N65°41.85-W15°17.98

Mælifells er getið í gömlum heimildum sem eign Hofskirkju. Land Mælifells afmarkast af Selsá, Selá og Innri-Almenningsá, Bungu, Heljardalsfjöllum og Kistufelli. Land Mælifells er allnokkuð gróið, sumarhagi talinn vera fyrir 3-400 fjár og í jarðamati 1849 kemur fram að upprekstrargjald hafi verið 40 fiskar. Mælifell taldist nýbýli og var stofnað 1854 af Arngrími Jósefssyni, en byggingabréf var gefið út 26.janúar 1856. Arngrími var þó synjað um tíundar- og skattfrelsi sem hann taldi sig eiga rétt á skv. Nýbýlatilskipuninni frá 1776. Það var gert á þeirri forsendu að jörðin hefði verið nytjuð áður og greitt af henni afgjald. Á Mælifelli var búið með hléum til 1906 þegar þjóðhaginn Páll Jónsson flutti þaðan ásamt konu sinni Margréti Eiríksdóttur.

Mælifell is named in old records; i.e, as owned by the Hof church in Vilking's 1397 church register, in a similar register in 1570 and also the record of the 1641 visitation of Skálholt's bishop, Brynjólfur. The farm is bordered by the rivers Selsá, Selá and Innri-Almenningsá and the mountains Bunga, Helgardalsfjöll and Kistufell. The vegetation around Mælifell is rich and plentiful, valued as summer pasture for 3-400 sheep. The 1849 farm valuation says the pasture rental fee was 40 fish. Mælifell was listed as a new farm, settled in 1854 by Arngrímur Jósefsson though the legal permission wasn't granted until Jan. 26th 1856. He felt he had the right to tithe- and tax-free status due to a clause in the 1176 regulation for new farmlands, but was denied because the farm had been in use before and the credit already applied. Mælifell was farmed off and on until 1906 when the craftsman Páll Jónsson and his wife Margrét Eiríksdóttir left.



26 Selsárvellir

N65°40.61-W15°22.92

Selsárvellir stóðu innstir bæja í „Almenningssveit“. Selsárvellir er merkilegt heiðarbýli, það ber öll einkenni þess sem var undir lok byggðar norræns fólks á Grænlandi, Öll hús byggð í einni þyrpingu umhverfis íveruhúsið til verndar kulda frá umhverfi. Frumbýlingur þar, sumarið 1860 var Grímur Grímsson ásamt konu sinni Aldísi Jósefsdóttur og eru þau talin þar í manntali 1860 með tveimur börnum og systur bónda, Guðrúnu. Grímur býr á Selsárvöllum til 1871 en 1874 tekur Sigurður Einarsson við af Jóhönnu Tómasdóttur sem bjó á eftir Grími. Þau hjónin Sigurður og Guðrún Jónsdóttir höfðu búið á Mælifelli árin á undan og komu þaðan. Þau höfðu verið hjú á Selsárvöllum 1866 svo þau þekktu þar til. Á Selsárvöllum búa þau til 1877 í tvíbýli við Jón Jónsson og Sigurbjörgu Sigurðardóttur. Eitthvað verður til þess að slitnar upp úr tvíbýlinu í ótíma því skömmu fyrir áramót 1877 eru Sigurður og Guðrún komin í Aðalból, sem þá hafði staðið í eyði í 13 ár. Þau eru þó til heimilis á Selsárvöllum 22.ágúst það ár. Búskapur leggst af á Selsárvöllum vorið 1878 þegar Jón og Sigurbjörg flytjast þaðan.

Selsárvellir, the innermost farm in the Almenningur area, was first settled in the summer of 1860 when Grímur Grímsson and his wife Aldís Jósefsdóttir moved there. They are there in the 1860 census with two children and Grímur's sister, Guðrún, in the home. Grímur lived at Selsárvellir until 1871. Sigurður Einarsson took over from Jóhanna Tómasdóttir in 1874, who farmed there after Grímur. Sigurður and his wife, Guðrún Jónsdóttir, had been at Mælifell and moved to Selsárvellir as farm workers in 1866, so they knew the farm, and were there until 1877 in partnership with Jón Jónsson and Sigurbjörg Sigurðardóttir, Sigurður and Guðrún were still at Selsárvellir on August 22nd 1876, but something happened to split up the partnership that fall, as shortly before New Year they moved to Aðalból, which had been deserted for 13 years. Farming at Selsárvellir ended in the spring of 1878 when Jón and Sigurbjörg moved away. The ruins in the highland farm Selsárvellir are different from the majority of the other highland farm ruins which makes Selsárvellir especially interesting. The location of the buildings is similar to the architectural style of the last Nordic farm buildings in Greenland where the farm house is in the middle and all the other farm buildings are built around it to protect it from cold wind and harsh weather.



www.ferdaf.is

Útgefandi og ábyrgðaraðili: Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Umsjón verkefnis: Hjördís Hilmarsdóttir.
Kortagerð og uppsetning: Halþór Snjólfur Helgason landfræðingur & margmiðlunarhönnuður.
Prentun: Guðjón Ó 2018. Kortagrunnur: © Landmælingar Íslands.
Stryktaraðilar: Samfélagssjóður Alcoa & Menningarsjóður Fljótsdalshéraðs.
ferdaf@ferdaf.is. tel 863 5813.